

Velferðarnefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skjal: F1802002
Hafnarfjörður, 28. Febrúar 2018

Umsögn

Fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs)
98. mál, lagafrumvarp, 148. Lögjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldrajafrétti fagnar frumvarpi þar sem lagt er til að sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs verði lengdur úr þremur mánuðum í fimm mánuði.

Sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs er líklega eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í foreldrajafrétti á Íslandi frá árinu 1992 þegar sameiginleg forsjá varð fyrst möguleg.

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður og jafnframt að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þessi tvö markmið laganna eru samhangandi og verða ekki aðskilin. Foreldrajafrétti og jafn réttur karla og kvenna í atvinnulífinu er sitt hvor hlíðin á sama teningnum.

Það er óumdeilt að lög um fæðingar- og foreldraorlof hafa orðið til þess að feður taka meiri þátt í umönnun barna og það gefur komum aukið rými til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Mikill fjöldi foreldra sem velur að annast börn sín til jafns eftir skilnað eða sambúðarslit má að öllum líkindum rekja til áhrifa frá lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Foreldrar á Íslandi standa framár foreldrum í öðrum löndum þegar kemur að því að deila með sér umönnun barna þegar foreldrar búa ekki saman. Þetta gera foreldrar á Íslandi þrátt fyrir að Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum torveldi slíka samvinnu fremur en að styðja við hana.

Lengri sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs mun að öllum líkindum styrkja tengsl barna við báða foreldra, auka kynja jafnrétti á vinnumarkaði og auka á samvinnu foreldra.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,



Heimir Hilmarsson, formaður